



almannaheill
samtök þriðja geirans

Aðalfundur Almannaheilla

16. maí 2018, kl. 16-18 í húsnæði Krabbameinsfélagsins, 4. hæð

Skýrsla stjórnar Almannaheilla, samtaka þriðja geirans, fyrir starfsárið júní 2017 til maí 2018

Almannaheill, samtök þriðja geirans, voru stofnuð 26. júní 2008 eftir talsvert undirbúningsstarf og hafa því starfað í tíu ár. Stofnaðilar voru tólf félög og sjálfseignarstofnanir sem starfa að almannaheill og markmiðið að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum.

Fleiri félög hafa bæst í hópinn og fyrir aðalfund samtakanna 16. maí 2018 voru eftirtalin félög og sjálfseignarstofnanir aðilar að Almannaheillum:

1. ADHD samtökin
2. Bandalag íslenskra skáta
3. Barnaheill – Save the children á Íslandi
4. Blátt áfram
5. Blindrafélagið, samtök blindra og sjónskertra á Íslandi
6. Einstök börn
7. Félag íslenskra bifreiðaeigenda (FÍB)
8. Félag Lesblindra á Íslandi
9. FRÆ Fræðsla og forvarnir
10. Geðhjálp
11. Gróður fyrir fólk í Landnámi Ingólfs
12. Heimili og skóli - landssamtök foreldra
13. Hjartavernd
14. Hjálparstarf kirkjunnar
15. Krabbameinsfélag Íslands
16. Kvenfélagasamband Íslands
17. Kvenréttindafélag Íslands
18. Landssamband eldri borgara
19. Landvernd, landgræðslu- og umhverfisverndarsamtök Íslands
20. Landssamtökin Þroskahjálp
21. Neytendasamtökin
22. Norræna félagið
23. Móðurmál - samtök um tvítyngi
24. Samtök áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann (SÁÁ)
25. Samtök sparifjäreigenda
26. Skógræktarfélag Íslands
27. Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna
28. Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra
29. Umhyggja, félag til stuðnings langveikum börnum
30. Ungmennafélag Íslands
31. Vímulaus æska
32. Vinir Vatnajökuls



33. Öryrkjabandalag Íslands

Stjórn Almannaheilla 2017-2018

Eftirtaldir skipuðu stjórn og varastjórn Almannaheilla eftir aðalfundinn 26.5.2016:

Aðalstjórn:

- | | |
|------------------------------|---|
| 1. Ketill B. Magnússon | Heimili og skóli, formaður |
| 2. Þóra Þórarinsdóttir | Ás styrktarfélag/Þroskahjálpi, varaformaður |
| 3. Jónas Guðmundsson | Neytendasamtökin, gjaldkeri |
| 4. Þröstur Emilsson | AD HD samtökin, ritari |
| 5. Guðlaug B. Guðjónsdóttir | Krabbameinsfélag Íslands |
| 6. Ragnheiður Sigurðardóttir | UMFÍ |
| 7. Steinunn Hrafnadóttir | Fræðasetur þriðja geirans |

Varastjórn:

- | | |
|------------------------------|---------------------------|
| 1. Árni Einarsson | FRÆ |
| 2. Ásdís Eva Hannesdóttir | Norræna félagið |
| 3. Bolli Héðinsson | Samtökum sparifjareigenda |
| 4. Erna Reynisdóttir | Barnaheill |
| 5. Erna Arngrímsdóttir | Öryrkjabandalagið |
| 6. Guðrún Helga Bjarnadóttir | Blátt áfram |
| 7. Hildur Helga Gísladóttir | Kvenfélagasamband Íslands |

Ketill Berg Magnússon var kjörinn formaður stjórnarinnar, en samkvæmt lögum samtakanna skipar hún að öðru leyti sjálf með sér verkum. Á fyrsta fundi stjórnar eftir aðalfund var ákveðið að Þóra Þórarinsdóttir gegndi störfum varaformanns, Jónas Guðmundsson störfum gjaldkera og Þröstur Emilsson störfum ritara.

Haldið var þeirri venju að boða bæði aðalstjórn og varastjórn á alla stjórnarfundi. Stjórnin hélt ellefu bókaða fundi á árinu.

Verkefnahópar stjórnar

Öll starfsemi Almannaheilla er unnin í sjálfboðavinnu. Til þess að skipuleggja starfið kom stjórnin saman í ágúst á vinnufundi, setti niður verkefnaáherslur og skipti með sér verkum. Ákveðið var að vinna áfram í þremur verkefnahópum þar sem einn hópur einbeitti sér að lagafrumvarpi um almannaheillafélög, annar hópur vann að sýnileika og viðburðum og þriðji hópurinn vann að fræðslu. Stjórnarfolk vann að einstökum verkefnum og gerð var grein fyrir verkefnastöðunni á stjórnarfundum.

Fjölgun aðildarfélaga

Eitt nýtt félag sótti um aðild að Almannaheillum á árinu. Inntökunefnd fór yfir umsókn þeirra og kannaði hvort þau stæðust þær kröfur sem getið er um í samþykktum almannaheilla. Þetta er Félag íslenskra bifreiðaeigenda.



almannaheill
samtök þriðja geirans

Gagnaöflun um umfang almannaheillasamtaka í landinu

Stjórn skipaði vinnuhóp til að hefja gagnaöflun og samantekt á efnahagslegum umsvifum almannaheillasamtaka í landinu. Erfitt er að setja nákvæma mælistiku á þau lífsgæði sem almannaheillafélög skapa samfélaginu í heild með störfum sínum. Stjórn Almannaheilla átti nokkra fundi með ráðgjöfum og sérfræðingum Hagstofunnar um hvernig meta skuli efnahagslegt framlag þriðja geirans á Íslandi til þjóðarþússins. Áætlað er Almannaheill að upplýsingar um heildarumfang geirans sé mun meira en fólk grunar. Slíkar upplýsingar munu styðja starf Almannaheilla í þágu almannaheillafélaga í landinu.

Kynningarstarf Almannaheilla

Almannaheill heldur úti vefsíðu, Facebook-síða samtakana er virk og hefur 549 fylgjendur og sent er út rafrænt fréttabréf um starfseminu á póstlista sem telur 254 manns.

Frumvarp til laga um félagasamtök til almannaheilla

Eftir að fyrrverandi viðskiptaráðherra, Ragnheiður Elín Árnadóttir, hafði mælti á haustþinginu 2016 fyrir stjórnarfrumvarpi um almannaheillasamtök og frumvarpið var komið í meðferð nefndar, var þingi var slitið og varð það því ekki að lögum.

Fomaður og gjaldkeri hittu ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunaráðherra, Þórdísi Kolbrúnu R. Gylfadóttur í apríl 2017 og hvöttu hana til að leggja frumvarpið fram að nýju. Ráðherra tók vel í erindið og sagðist myndu skoða það vandlega áður en hún ákveddi hvort hún myndi setja frumvarpið á dagskrá í haust. Ráðherra lagði ekki frumvarpið fyrir haustþingið og eftir að hún tók aftur við embætti í nýrri ríkisstjórn hefur formaður farið á fund með starfsfólki ráðuneytisins til að ýta við málinu, en ekkert hefur þokast.

Líneik Anna Sævarsdóttir, þingmaður lagði fram fyrirspurn um frumvarpið til ráðherra nú í vor. Ráðherra lýsti í svari sínu efasemdum um þörfina á slíkum lögum og óttaðist að þau yrðu hindrun og íþyngjandi fyrir lítil félagasamtök. Formaður skrifaði grein í Morgunblaðið og svaraði þar ráðherra og benti á að skráning félaga til almannaheilla er valkvæð og því myndu bara þau félög skrá sig sem hafa með höndum fjárhagslegan rekstur og þurfa að geta sýnt fram á trúverðuleika og fagmennsku.

Það er stjórn Almannaheilla mikil vonbrigði að núverandi ríkisstjórn skuli ekki leggja fram þetta frumvarp. Frumvarpið er ákall almannaheillasamtakanna sjálfra um aukið gagnsæi, fagmennsku og trúverðuleika í þriðja geiranum. Ljóst er að stjórn Almannaheilla þarf að beita öðrum aðferðum til þess að afla frumvarpinu hljómgrunn.

Fundur fólksins

Fundur fólksins var haldinn í þriðja skiptið árið 2017, og í þetta skiptið í Hofi á Akureyri 8. og 9. september. Samið var við Menningarfélag Akureyrar um að sjá um framkvæmdina. Þótti hann afar vel heppnaður. Velferðaráðuneytið styrkti verkefnið um 4 m.kr. og Akureyrarbær um 2 m.kr. Könnun meðal þátttakenda sýndi að mikil ánægja var með fundinn. Á haustmánuðum ákvað stjórn Almannaheilla að samja að nýju við MAK um að halda hátíðina aftur á Akureyri árið 2018. Jafnframt var samþykkt tillaga MAK um að breyta nafni hátíðarinnar í Lýsa.

Fræðsla fyrir stjórnendur þriðja geirans

Eftir að hafa kannað áhugann hjá EHÍ og Opna háskólans hjá Háskólanum í Reykjavík að ganga til samninga við Opna háskólann um að skipuleggja fræðsludagskrá fyrir stjórnendur þriðja geirans.



almannaheill
samtök þriðja geirans

Fræðslan hófst haustið 2017 og var í sjö hlutum, alls 56 klst. um hagnýta þætti stjórnunar í félagasamtökum. Þessi fyrsta námsbraut gekk mjög vel og hefur verið ákveðið að bjóða uppá hana aftur veturinn 2018-2019.

Tengslafundir aðildarfélaganna

Stjórn Almannaheilla ákvað að prófa að skipuleggja tengslafund þar sem aðildarfélagunum er boðið í hádegisspjall í húsakynni eins aðildarfélags til að ræða og læra hvert af öðru um rekstur almannaheillasamtaka. Fundurinn var haldinn hjá Blátt áfram þann 1.12.2017. Þótti hann vel heppnaður. Ekki voru haldnir fleiri slíkir fundir á starfsárinu en stefnt er því að svo verði næsta vetur.

Staða Almannaheilla

Frá síðasta starfsári standa uppúr stór verkefni eins og fræðsla fyrir stjórnendur í þriðja geiranum, Fundur fólksins og baráttan um að koma frumvarpinu um almannaheillafélög í gegn. Það urðu vonbrigði að það tókst ekki þetta árið.

Í ár er tíu ára afmælisár Almannaheilla. Margt hefur áunnist en þó er langt í land með að rekstrarumhverfi almannaheillasamtaka sé nægjanlega gott. Okkar sýn er að Almannaheill geti orðið enn öflugri hagsmunasamtök fyrir almannaheillafélög í landinu.

Vinna þarf að hagfeldara skattaumhverfi fyrir almannaheillasamtök. Það er alls ekki sanngjarnt að sjálboðasamtök sem sinna almannabjónustu sem ríkið myndi ellegar þurfa að sjá um, verði að greiða þá háu skatta og gjöld sem á þau eru lögð. Það er ekki nóg með að ríkið losni við þann kostnað sem af bjónustu almannaheillasamtaka til sinna notenda hlýst heldur fær ríkið skatttekur af almannaheillafélögum. Ríkið græðir því tvöfalt af almannaheillafélögum í dag. Þessu viljum við breyta og viljum hefja strax viðræður við yfirvöld um að bæta skattaumhverfi almannaheillafélaga til muna. Það mun bæta rekstraskilyrði almannaheillafélaga og þar með bjónustuna sem félögin veita.

Við horfum ekki framhjá því að á árinu 2016 samþykkti Alþingi mikilvægan áfanga í baráttu Almannaheilla þegar skattaafsláttur vegna gjafa fyrirtækja til almannaheillasamtaka var hækkaður um helming, frá 0,5% af árlegri veltu í 0,75%. Á sama tíma var erfðafjárskattur af erfðagjöfum til almannaheillasamtaka felldur niður. Við viljum ganga enn lengra og veita einstaklingum skattaafslátt vegna gjafa þeirra til almannaheillafélaga. Eins viljum við fella niður VSK af aðföngum til reksturs almannaheillafélaga.

Frumvarpið um almannaheillafélg sem nú liggur á borði nýsköpunar og atvinnuvegaráðherra er í raun sáttmáli um starfsemi almannaheillasamtaka þar sem lagðar eru fram meginlínur um hvaða eðlilegu skyldur og réttindi þurfa að gilda um slík félagasamtök. Er þar bæði átt við að lýðræðislegir starfhættir séu viðhafðir en einnig að faglega og á vandaðan hátt sé haldið utan um fjármál og önnur gæði sem samtökunum eru fengin.

Stjórn Almannaheilla hyggst halda uppá 10 ára afmæli samtakanna þann 7. nóvember nk. Ætlunin er að skipuleggja viðurkenningarathöfn og fá dómnefnd til að velja þau almannaheillasamtök sem þykja skara fram úr í starfsemi sinni. Með þessu vilja Almannaheill vekja athygli á starfi Almannaheilla í samfélaginu og jafnframt hvetja almannaheillafélög til fagmennsku og trúverðugleika.

Eitt er löngu orðið ljóst, samtökin Almannaheill ekki geta náð markmiðum sínum nema þau ráði til sín starfskrarft. Í dag er allt starf Almannaheilla borið uppi af sjálfbóðaliðum. Það er einfaldlega til of



almannaheill
samtök þriðja geirans

mikils ætlast af sjálfbóðaliðum. Fastur starfsmaður í hluta eða fullu starfi er nauðsynlegur til að fylgja eftir málum og stuðla enn frekar að faglegu starfi almannaheillasamtaka í landinu.

Reykjavík, 16. maí 2018

Ketill Berg Magnússon, formaður Almannaheilla